

Starfsáætlun Salaskóla

2024-2025



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



VINÁTTA – VIRÐING – SAMSTARF

Efnisyfirlit

Formáli	5
Hagnýtar upplýsingar	5
Um skólann	5
Samstarf við leikskóla	5
Mætið á réttum tíma	6
Gangið í skólann	6
Ritföng nemenda	6
Tölvur sem vinnutæki	6
Óskilamunir	6
Hjól og hjólabretti	6
Útivist	7
Slys og veikindi	7
Lyfjagjafir	7
Leyfi	8
Forföll nemenda	8
Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda	8
Veikindi kennara	8
Vefsíða og samfélagsmiðlar	8
Kaflí 1	9
Stjórnskipulag skólans og skipurit	9
Stjórnun	9
Starfsfólk Salaskóla	10
Kaflí 2	14
Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans	14
Kaflí 3	15
Tilhögun kennslu	15
Stefna Salaskóla	15
Kennsluaðstaða	16
Samstarfsteymi	17
Stoðkerfi Salaskóla	17
Sérkennsla	17
Námsmat	18
Heimanámsstefna Salaskóla	19
Heimanám - yngsta stig	19
Heimanám - miðstig	20
Heimanám - unglingastig	20
Foreldraviðtöl	20
Kaflí 4	21
Starfsáætlun nemenda	21
Skipulag og stundaskrá	21
List- og verkgreinakennsla	21
Þemavinna	21



Útikennsla	21
Ferðalög	22
Gróðursetning	22
Gegn einelti	22
Fjölgreindaleikar	22
Jólahefðir Salaskóla	23
Kafli 5	24
Val nemenda í 8. – 10. bekk	24
Kafli 6	25
Skólabragur	25
Ábyrgð og skyldur nemenda, foreldra og starfsfólks skóla	25
Eineltisáætlun Salaskóla	27
Uppeldi til ábyrgðar	28
Forvarnaráætlun Salaskóla	28
Skólareglur Salaskóla	28
Brot á reglum	31
Reglur um notkun á spjaldtölvum og sínum í Salaskóla	32
Reglur í matartíma	34
Punktakerfi í 8. - 10. bekk	35
Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn	36
Kafli 7	37
Skólaráð, foreldrafélag, nemendaráð og aðrar nefndir/teymi innan skóla	37
Skólaráð	37
Foreldrafélag	37
Nemendavernd	38
Kafli 8	39
Foreldrasamstarf	39
Viðmið vegna foreldrasamskipta	39
Tölvupóstur í samskiptum heimila og skóla	40
Kafli 9	42
Viðfangsefni innra mats	42
Áherslur í innra mati skólaárið 2024-2025	42
Kafli 10	43
Upplýsingar um stoðþjónustu	43
Hjúkrunarfræðingur	43
Heilbrigðisfræðsla	43
Skimanir	44
Heilsueflandi viðtöl um lífsvenjur og líðan	44
Bólusetningar	44
Veikindi og slys	45
Langveik börn	45
Höfuðlús	45
Hnetulaus Salaskóli	45
Sálfræðingur	45



Talmeinafræðingur	45
Félagsráðgjafi	46
Náms- og starfsráðgjafi	46
Sérúrræði	46
Önnur úrræði	46
Kaflí 11	47
Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf	47
Frístund og klúbbastarf	47
Tónlistarskólar	47
Skák og jóga	47
Félagsstarf nemenda	47
Kaflí 12	48
Símenntunaráætlun	48
Kaflí 13	49
Rýmingaráætlun	49
Viðbrögð við vá	50
Röskun á skólastarfi vegna óveðurs	51
Kaflí 14	52
Skólaakstur	52
Skólamáltíðir	52
Kaflí 15	53
Skólaþróun	53



Formáli

Starfsáætlun Salaskóla 2024-2025 er upplýsingarit um starfsemi skólans á skólaárinu. Hér er um að ræða yfirlit yfir helstu viðburði sem og áherslur og markmið í skólastarfinu. Einnig er hér að finna þær venjur, siði og reglur sem ríkja í skólanum.

Hagnýtar upplýsingar

Um skólann

Salaskóli tók til starfa í sumarlok 2001. Skólinn er í Salahverfi, í Leirdal, sem liggur norðan við Rjúpnahæð í Kópavogi. Skólaárið 2024-2025 eru um 525 nemendur í 1.-10. bekk og rétt rúmlega 100 starfsmenn. Skrifstofa skólans er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 - 15:00.

Skólahúsnæði er ágætt og rúmar starfsemina ágætlega þó helst þurfi rými fyrir smærri hópa og minni námsver. Skólinn er ágætlega búinn kennslugögnum og tækjum. Við hlið skólans er íþróttamiðstöðin Versalir og þar eru íþróttasalir og sundlaugar sem skólinn hefur afnot af. Þrjár lausar kennslustofur eru á lóð skólans en þær eru nýttar fyrir frístund skólans.

Umhverfi skólans er fjölbreytt og gefur ágæta möguleika til kennslu. Skammt frá skólanum eru þekkt útivistarsvæði, svo sem Elliðavatn og Vífilsstaðavatn og í næsta nágrenni skólans eru göngustígar og gróin svæði sem og kirkja og kirkjugarður og golfvöllur. Skólalóðin er hönnuð m.a. með tilliti til útikennslu og hún hefur verið endurbætt mikið á síðustu árum. Hún er fjölbreytt, með völlum og leiktækjum. Skammt frá skólanum er útikennslustofan Rjúpnalundur.

Samstarf við leikskóla

Í Salahverfi eru tveir leikskólar reknir af Kópavogsbæ; Fífusalir og Rjúpnahæð. Samstarf er við þá báða á ýmsum sviðum. Unnið er markvisst að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Salaskóla og heimsækja 5 ára nemendur leikskólana skólann. Leikskólarnir eru með sumarskóla í júní í húsnæði Salaskóla og frístund Salaskóla er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Markmið þessa fyrirkomulags er að gera skólabyrjun barnanna í Salaskóla auðveld og vinalega.



Mætið á réttum tíma

Skólinn opnar kl. 8:00 og kennsla hefst kl. 8:20, þá eiga nemendur að vera mættir í kennslustofu.

Gangið í skólann

Við hvetjum nemendur til að ganga í skólann og foreldra til að spara aksturinn að skólahúsinu á morgnana eins og kostur er. Margir nemendur eiga greiða leið í skólann eftir göngustígum og hvetjum við þá til að ganga. Þannig drögum við úr umferð, eldsneytiseyðslu og stuðlum að heilbrigðri hreyfingu.

Ritföng nemenda

Kópavogsbær útvegar nemendum nauðsynlega ritföng til að nota í skólanum foreldrum að kostnaðarlausu.

Tölvur sem vinnutæki

Í skólanum eru fjöldi tölva til að nota við námið auk þess sem allir nemendur í 5. – 10. bekk eru með spjaldtölvur. Einnig hafa nemendur í 1.-4.bekk aðgang að spjaldtölvum til nota í skólanum. Þá er þráðlaust net í skólanum sem nemendur hafa aðgang að við nám sitt.

Óskilamunir

Í skólanum safnast reglulega upp óskilamunir. Um er að ræða fatnað af ýmsu tagi, þar á meðal vandaðar og óslitnar flíkur. Ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda skila sér ekki heim að loknum skóladegi eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að snúa sér til skólaliða eða húsvarðar. Foreldrar eru beðnir um að merkja greinilega skófatnað nemenda, íþróttafatnað, yfirhafnir og töskur, skólinn leitast alltaf við að koma merktum óskilamunum í réttar hendur.

Hjól og hjólabretti

Á haustin og á vorin eru margir nemendur sem koma í skólann á reiðhjólum og hlaupahjólum. Þeir sem koma á hjóli í skólann þurfa að kunna umferðarreglur sem gilda um hjólreiðar og hlaupahjól og fara eftir þeim. Mikil umferð er á göngustígum á morgnana og þurfa hjólandi vegfarendur því að hjóla varlega framhjá gangandi vegfarendum. Allir sem ferðast á hjóli eiga undantekningarlaust að vera með hjálm á höfðinu.

Vegna öryggis nemenda er ekki leyfilegt að vera á skólalóðinni á vespum, reiðhjólum eða hlaupahjólum á skólatíma, frímínútum eða hádegishléi. Í skólanum eru um 525



nemendur og það skapar slysaþættu ef einhverjir þeysast um á slíkum farartækjum á meðan aðrir eru að leika á skólalóðinni. Hins vegar má vera á hjólabrettum á svæðinu á milli skólans og íþróttamiðstöðvarinnar.

Útivist

Nemendur í 1. – 7. bekk fara út í kennsluhléum tvisvar á dag. Farið er út í öllum veðrum, nema þegar Veðurstofa gefur út appelsínugular eða rauðar viðvaranir um veður. Nemendur þurfa því að koma klæddir eftir veðri dag hvern. Útivistin er hugsuð sem frjáls tími fyrir nemendur, þar sem þeim gefst tækifæri til að leika sér saman, fá holla hreyfingu og fylla lungun af súrefni.

Starfsmenn sem eru í gæslu hverju sinni skipta sér yfirleitt ekki af leikjum barnanna, en grípa að sjálfsögðu inn í þegar þarf og eru til taks fyrir nemendur. Auk starfsfólks sinna nemendur úr 10. bekk gæslu í frímínútum yngri barna og fá fyrir það umbun í ferðasjóð sinn. Gæsluaðilar eru klæddir í áberandi vesti þannig að auðvelt er fyrir nemendur að sjá hvar þá er að finna.

Slys og veikindi

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild fara foreldrar/forráðamenn með barninu. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ef barn er með greindan sjúkdóm eða alvarlegt ofnæmi sem getur stefnt heilsu eða lífi þess í hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæsla viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki eða blæðingarsjúkdóma.

Lyfjagjafir

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur meðal annars fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra. Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlín-gjafir sem barnið sér sjálft alfarið um. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólaheilsugæslu sem skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma.



Leyfi

Leyfi allt að tveimur dögum veitir umsjónarkennari, en lengri leyfi allt að einni viku skulu forráðamenn sækja um í gegnum Mentor (sjá tölvupóst með leiðbeiningum sem ritari sendi öllum foreldrum í tölvupósti 27. sept 2024, en þær verða einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans). Foreldrar eru upplýstir um ferla Kópavogsbæjar sem gilda í grunnskólum bæjarins og snúa að ófullnægjandi skólasókn. Foreldrar sem velja að taka barn sitt úr skóla til lengri tíma bera ábyrgð á námi á meðan á fjarveru stendur.

Forföll nemenda

Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn þeirra mæti stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal á degi hverjum. Foreldrum ber að tilkynna veikindi og leyfi strax að morgni dags í síma 441 3200 eða á netfangið salaritari@kopskolar.is, einnig er hægt að tilkynna þau í gegnum Mentor. Fari nemandi veikur heim úr skólanum þarf að tilkynna það á skrifstofu skólans í síma eða með tölvupósti. Að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda

Fræðslufirvöld í Kópavogi hafa sett samræmd viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda í grunnskólum bæjarins. Viðmiðin má sjá hér. Sjá nánar í kafla 6.

Veikindi kennara

Pegar kennarar veikjast er reynt eftir mætti að fá forfallakennara. Takist það ekki getur komið upp sú staða að fella verði niður kennslu og senda nemendur heim og eru foreldrar barna á yngsta stig og miðstigi látnir vita af því.


Vefsíða og samfélagsmiðlar

Vefsíða Salaskóla er <https://salaskoli.is/> og þar má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar. Skólinn heldur einnig úti [facebooksíðu](#) sem ber heitið “Salaskóli” en þar eru settar inn fréttir og upplýsingar um skólann.



Kaflí 1

Stjórnskipulag skólans og skipurit



Stjórnun

Skólastjóri er Kristín Sigurðardóttir. Hún er í forsvari fyrir skólann og ber ábyrgð á starfi hans gagnvart bæjarstjórn. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs er Hrefna Björk Karlsdóttir. Hulda Björnsdóttir er deildarstjóri miðstigs, Berglind Þyrí Finnbogadóttir er deildarstjóri sérkennslu sem og tengiliður samþættrar þjónustu. Ásgerður Helga Guðmundsdóttir er deildarstjóri upplýsingatækni og Logi Guðmundsson er deildarstjóri unglingastigs. Í sameiningu veitir stjórnendateymið skólanum faglega forystu og skiptir með sér verkum við stjórn skólans.

Salaskóli 2024-2025

Húsvörður: *Unnar Reynisson*

Matreiðslumeistari: *Triza Mbora*

Forstöðukona Frístundar: *Kristrún Sveinbjörnsdóttir*

Fjöldi nemenda: 522 (16. sept 2024)

Fjöldi stjórnenda: 6

Fjöldi kennara: 52

Fjöldi annarra starfsmanna: 51



Starfsfólk Salaskóla

Agnes Þorleifsdóttir	Kennari
Agnieszka Serewis	Skólaliði
Anna Maria Forszpaniak	Skólaliði
Antonía Eir Skúladóttir	Frístundaleiðbeinandi
Auður Kristín Ebenezersdóttir	Kennari
Ágústa Guðjónsdóttir	Talmeinafræðingur
Áróra Hrönn Skúladóttir	Kennari
Ásdís Sigurjónsdóttir	Ritari
Ásgerður Helga Guðmundsdóttir	Deildarstjóri upplýsingatækni
Baldvin Þór Hannesson	Afleysingar
Beata Magdalena Franiak	Matráður
Berglind Þyrí Finnbogadóttir	Deildarstjóri sérkennslu
Birgir Guðlaugsson	Stuðningsfulltrúi
Björg Norðfjörð	Sálfræðingur
Breki Már Brynjarsson	Afleysingakennari
Brynhildur Helga Nikulásdóttir	Kennari
Brynja Björk Arnardóttir	Kennari
Dagbjört Kristinsdóttir	Kennari
Dalla Ólafsdóttir	Kennari
Diljá Björg Matthíasdóttir	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Dragan Stefán Stojanovic	Skólaliði
Elísabet M. Sigfúsdóttir	Kennari
Elísabet Ósk Bragadóttir	Kennari
Elísabet Ýrr Waldorff	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Erla Ormarsdóttir	Kennari
Erna Rós Sigurjónsdóttir	Kennari
Erna Rún Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi



Eva Brynjarsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Fatmir Bajramaj	Skólaliði
Gígja Jónsdóttir	Þroskajálfi
Gísli Sveinsson	Kennari
Gísli Þór Einarsson	Kennari
Guðbjörg Hinriksdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Tryggvadóttir	Kennari
Guðlaug Björk Eiríksdóttir	Þroskajálfi
Guðlaug Úlfarsdóttir	Kennari
Guðný Birna Rosenkjær	Upplýsingafræðingur
Guðrún Birna Guðlaugsdóttir	Kennari
Harpa Rós Guðmundsdóttir	Aðstoðarforstöðumaður Fönix
Heiða Lind Heimisdóttir	Kennari
Helga Egilsdóttir	Afleysingakennari
Hinrik Snær Katrínarson	Frístundaleiðbeinandi
Hólmfríður Jóna Bragadóttir	Kennari
Hrafnhildur Georgsdóttir	Kennari
Hrefna Björk Karlsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Hulda Björnsdóttir	Deildarstjóri
Hulda Gunnlaugsdóttir	Mötuneyti
Iwona Krystyna Piasecka	Skólaliði
Ísak Guðmannsson Levy	Kennari
Ísak Örn Guðbjörnsson	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Jóhann Ingi Jóhannsson	Kennari
Jóhanna Pálsdóttir	Kennari
Katrín M. Haig Konráðsdóttir	Aðstoðarforstöðumaður frístundar
Kim Thanh Pham	Skólaliði
Kristín Ásta Ólafsdóttir	Þroskajálfi



Kristín Einarsdóttir	Kennari
Kristín Sigurðardóttir	Kennari
Kristín Sigurðardóttir*	Skólastjóri
Kristjana Pálsdóttir	Kennari
Kristjana Þrastardóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Kristrún Sveinbjörnsdóttir	Forstöðumaður frístundar
Lena Rut Einarsdóttir	Kennari
Lilja Björk Baldvinsdóttir	Kennari
Lilja Björk Hjálmarsdóttir	Skólaliði
Lísbet Guðný Þórarinsdóttir	Kennari
Logi Guðmundsson	Kennari
Marina Tkalac	Matráður, kaffistofa starfsfólks
María Dís Hjartardóttir	Frístundaleiðbeinandi
María Helga Gunnarsdóttir	Kennari
Máni Steinn Markússon	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Óskar Guðmundsson	Afleysingakennari
Patrik Thor Pétursson	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Pálína Þorgilsdóttir	Kennari
Ragnheiður Magnúsdóttir	Kennari
Rakel Magnúsdóttir	Kennari
Rannveig Kristjánsdóttir	Kennari
Ríkey Sigurgeirsdóttir	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Rúnar Þór Bjarnason	Kennari
Signý B. Guðmundsdóttir	Kennari
Sigríður Bragadóttir	Kennari
Sigríður Gylfadóttir	Kennari
Sigríður Marit Guðnadóttir	Kennari
Sigríður Ósk Atladóttir	Kennari



Sigríður R Marrow Arnþórsdóttir	Kennari
Sigrún Hildur Sigurðardóttir	Kennari
Sigurður Karl Pétursson	Stuðningsfulltrúi
Sigurlaug R Friðbjófsdóttir	Kennari
Sigurveig Björnsdóttir	Þroskaþjálfari
Silja Huld Árnadóttir	Þroskaþjálfari
Sólveig Ásta Guðmundsdóttir	Kennari
Stefanía Lilja Óladóttir	Skólaliði
Stefanía Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Stefán Erlendsson	Kennari
Stefán Haukur Gylfason	Kennari
Steinunn Rósa Einarsdóttir	Afleysingar
Stella Aradóttir	Kennari
Svava Sigríður Svavarsdóttir	Kennari
Sylvía Kristinsdóttir	Þroskaþjálfari
Sylwia Trochimczyk	Skólaliði
Tetiana Shkarivska	Skólaliði
Tinna Heimisdóttir	Forstöðumaður Fönlax
Torfi Sigurðarson	Kennari
Triza Mbora	Matreiðslumaður
Unnar Reynisson	Húsvörður
Valgerður Björnsdóttir	Kennari
Þorbjörg Hanna Ögmundsdóttir	Þroskaþjálfari
Þóra Björg A. Garðarsdóttir	Félagsráðgjafi
Þórhildur Rún Guðmundsdóttir	Kennari
Þórunn Guðrún Einarsdóttir	Þroskaþjálfari



Kaflí 2

Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Skóladagatal Salaskóla er unnið skv. lögum og reglugerðum. Á því koma fram helstu viðburðir skólaársins. Skipulagsdagar eru samræmdir við skipulagsdaga í leik- og grunnskólum í nágrenninu. Skóladagar nemenda eru 180 og af þeim eru 10 skóladagar til sveigjanlegs skólastarfs þar sem vikið er frá hefðbundnum stundaskráum. Þeir eru auðkenndir með grænum lit á skóladagatali. Fyrir utan þessa 180 daga eru 5 skipulagsdagar innan skólaárs. Þá daga vinna kennarar að skipulagi, áætlunargerð, stefnumótun og mati á skólastarfinu sem og samráði og öðrum faglegum störfum. [Skóladagatal Salaskóla](#) má nálgast á heimasíðu skólans.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2024 - 2025

VINÁTTA

VIRÐING

SAMSTARF

Salaskóli

Síni: 441-3200

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 L	2 F	2 S	2 F	2 S	2 M	2 M	2 F	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 S	4 Þ	4 L	4 Þ	4 S	4 F	4 S	4 M
5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 L	5 M	5 S	5 F	5 L	5 M
6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 M	7 L	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 S	7 F	7 M	7 L
8 F	8 M	8 Þ	8 F	8 S	8 L	8 M	8 S	8 F	8 L	8 F
9 F	9 M	9 S	9 Þ	9 F	9 L	9 M	9 S	9 F	9 L	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 S	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 S	11 Þ	11 L	11 M	11 S	11 F	11 L	11 Þ
12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 L	12 M	12 S	12 F	12 L	12 Þ
13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 L	13 M	13 S	13 F	13 L	13 Þ
14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 L	14 M	14 S	14 F	14 L	14 Þ
15 F	15 M	15 Þ	15 F	15 S	15 L	15 M	15 S	15 F	15 L	15 Þ
16 F	16 M	16 Þ	16 F	16 S	16 L	16 M	16 S	16 F	16 L	16 Þ
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 L	17 M	17 S	17 F	17 L	17 Þ
18 S	18 M	18 F	18 S	18 Þ	18 L	18 M	18 S	18 F	18 L	18 Þ
19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 L	19 M	19 S	19 F	19 L	19 Þ
20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 L	20 M	20 S	20 F	20 L	20 Þ
21 M	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 L	21 M	21 S	21 F	21 L	21 Þ
22 F	22 M	22 Þ	22 F	22 S	22 L	22 M	22 S	22 F	22 L	22 Þ
23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 S	23 L	23 M	23 S	23 F	23 L	23 Þ
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 L	24 M	24 S	24 F	24 L	24 Þ
25 M	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 L	25 M	25 S	25 F	25 L	25 Þ
26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 L	26 M	26 S	26 F	26 L	26 Þ
27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 L	27 M	27 S	27 F	27 L	27 Þ
28 M	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 L	28 M	28 S	28 F	28 L	28 Þ
29 F	29 M	29 Þ	29 F	29 S	29 L	29 M	29 S	29 F	29 L	29 Þ
30 F	30 M	30 Þ	30 F	30 S	30 L	30 M	30 S	30 F	30 L	30 Þ
31 L	31 M	31 Þ	31 F	31 S	31 L	31 M	31 S	31 F	31 L	31 Þ

Semkvæmt kjörasamningi sveitarfélaga við Kennarasambandi Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnar af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjörasamningnum.

Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 6.

Grænir dagar: Skólar skóladagar nemenda

Bláir dagar: Skipulagsdagar kennara og frí hjá nemum

Róðrandagur: Dagur skólastarfs í Leik- & Húsnæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Kaflí 3

Tilhögun kennslu

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og í samræmi við stefnu skólans. Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluáðferðum og endurmenntun kennara miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni. Við leitumst við að hafa kennsluhætti þannig að þeir henti hverjum og einum nemanda, að áðferðir séu fjölbreyttar, námshópar blandaðir, að samstarf kennara sé gott og faglegt og við höfum sveigjanleika í úrræðum. Við leggjum áherslu á að beina athyglinni að litrófi fjölbreyttra hæfileika nemenda og lítum á nemendur frá sjónarhorni styrkleika þeirra og áhugasviða. Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi vinnu og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir.

Teymiskennsla er ríkjandi fyrirkomulag í kennslu. Hver árgangur hefur 2-3 umsjónarkennara (eftir fjölda nemenda í árgangi) og nemendur raðast í vinnu- og verkefnahópa sem kennarar stýra hverju sinni.

Kennsla fer fram í eða við skólann og íþróttakennslan fer fram í íþróttamiðstöðinni Versölum. Einnig er farið í kennsluferðalög og vettvangsferðir og heimsóknir eftir því sem tilefni gefast, auk þess sem ýmsir gestir heimsækja skólann reglulega, t.d. í fræðslu og upplestur nýrra bóka. Nánari upplýsingar um kennslu er að finna á heimasíðu skólans undir skólanámskrá. Á Mentor má nálgast kennsluáætlanir einstakra árganga og greina.

Stefna Salaskóla



Virðing, samstarf, vinátta eru einkunnarorð Salaskóla og þau hugtök sem grundvalla allt starf skólans. Þau koma m.a. fram í skólasöngnum okkar.

Merki skólans er þrískipt og táknar þrjú aldurstig grunnskólans. Gulu hendurnar mynda hús og eru tákn fyrir yngsta stig skólans. Húsið táknar þá umhyggju. Rauðu hendurnar mynda epli sem tákn fyrir miðstig skólans. Eplið vísar til vaxtar og þroska. Bláu hendurnar mynda fugl og eru þær tákn fyrir unglingastigið. Fuglinn táknar sjálfstæði.



Salaskóli tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í starfinu eins og aðrir skólar í Kópavogi en Kópavogsbær hefur hlotið viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag út frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við einsetjum okkur að nemendur, starfsfólk og allt skólasamfélagið leggi sig fram um að



gera það sem það er megnugt til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Við hugsum vel um okkur sjálf, umhverfi okkar og hvert annað. Saman lærum við til að vera góðar manneskjur, öðlast fjölbreytta þekkingu, koma góðum hlutum í framkvæmd og lifa saman í sátt og samlyndi.

Starfið í Salaskóla byggir á sögu framsækinna skólaþróunarverkefna. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti en markmið skólans er að styðja nemendur í þá átt að verða góðar og sterkar manneskjur sem tileinka sér samfélagsábyrgð og virðingu. Nemendur byggja upp sjálfstraust og sjálfsaga sem nýtist þeim í hvers kyns aðstæðum seinna á lífsleiðinni.

Grunnþættir menntunar skipa veglegan sess bæði í námi og starfsháttum skólans. Grunnþættirnir eru læsi, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun og jafnrétti.

Áhersluatriði sem byggt hefur verið á í námi og kennslu í Salaskóla:

- að leggja áherslu á að öll fái notið sín sem einstaklingar og í hóp, við horfum til sterkra hliða nemenda og starfsfólks.
- að leggja áherslu á að kenna nemendum að rækta með sér góð gildi og að við öll temjum okkur góða framkomu, virðingu í garð annarra og góð og öguð vinnubrögð.
- að leggja áherslu á verndun umhverfisins og sjálfbærni.
- að leggja áherslu á stafræna borgaravitund.
- að leggja áherslu á nýsköpun og þróun í námi og kennslu sem og í skólastarfinu almennt.
- að allir okkar nemendur fái notið sín á jafnréttisgrundvelli, óháð bakgrunni, trú, tungumáli, kyni eða öðrum þáttum.
- að leggja áherslu á heilbrigði og holla lífshætti.
- að leggja áherslu á að við deilum jörðinni með öðrum jarðarbúum og að við getum lagt okkar af mörkum til að gera heiminn betri.
- að byggja á menningar arfleifðinni og um leið aukum við víðsýni okkar.
- að leggja áherslu á gott samstarf skóla og foreldra og að það er forsenda góðs skólastarfs.

Kennsluaðstaða

Skólabyggingin skiptist í fimm álmur sem auðkenndar eru með litum – gula hús, græna hús, bláa hús, gráa hús og rauða hús.



Glæsileg íþróttaaðstaða er í íþróttamiðstöðinni Versölum við hlið skólans, en þar eru íþróttasalir og sundlaugar. Sundlaugarnar eru einnig notaðar af nágrannaskólum sem allir eru fremur fjölmennir. Það er krefjandi verkefni að koma lögboðinni kennslu fyrir í lauginni og hver skóli sem nýtir lauginni fær úthlutaða tíma sem þeir hafa yfir að ráða. Skólalóðinni er skipt upp í marga leikvelli. Þar eru körfuboltavellir, knattspyrnuvellir, vellir fyrir brennibolta, róluvöllur, trampólín, kastali, aparóla, hreystibraut og klifurgrindur.

Rjúpnalundur er útikennslusvæði sem skólinn deilir með leikskólunum Fífusölum og Rjúpnahæð. Rjúpnalundur er vestan til í Rjúpnahæð rétt austan við byggðina í Ö-sölum.

Samstarfsteymi

Innan Salaskóla eru nokkur samstarfsteymi. Kennarar hvers árgangs mynda samstarfsteymi sem í sameiningu fer með umsjón með nemendum árgangsins. Auk þess eru smiðjukennarar með sérstakt samstarfsteymi sem og sérkennarar og þroskaþjálfar. Í hverju teymi eru einnig aðrir kennarar og annað starfsfólk sem að hópunum kemur hverju sinni. Stoðþjónusta skólans vinnur með árgangateymum en sú vinna er leidd af deildarstjóra stoðþjónustu.

Stoðkerfi Salaskóla

Í Salaskóla leggjum við áherslu á að öllum nemendum líði vel í skólanum. Nemendum sem líður vel og fá að takast á við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni, þurfa síður sérstök úrræði innan eða utan skólans. Salaskóli leggur áherslu á fjölbreyttar leiðir til að styðja við nemendur sem eiga erfitt í skólanum, en sveigjanleiki og fjölbreytni í skólastarfinu er liður í nemendavernd.

Sérkennsla

Gert er ráð fyrir að sérkennsla fari fram í námsaðstæðum nemenda í árgangastofum eins og kostur er. Umsjónarkennarar, sérgreinakennarar og stoðþjónustan vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi og námsaðstæður. Nemendur eru hvattir til dáða með því að vekja áhuga og forvitni á viðfangsefnum.

Í skólanum eru minni námsver þar sem hægt er að koma til móts við þá nemendur sem þurfa nám í fámennari hópum. Í námsveri fá nemendur stuðning og kennslu samkvæmt einstaklingsáætlunum sínum og aðstoðin þar er hugsuð til að bæta sjálfsmýnd þeirra og líðan og styðja til aukins árangurs í námi og framfara.



Ýmis konar námskeið eru haldin í skólanum jafnt og þétt yfir skólaárið. Sem dæmi um námskeið má nefna lestrarnámskeið, hljóðgreininganámskeið, málörvunarnámskeið, félagsfærni- og samskiptanámskeið og stærðfræðinámskeið. Tímalengd námskeiða er breytileg en getur náð yfir nokkrar vikur.

Áhersla er lögð á sveigjanleika í vinnubrögðum og reynt að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Sumum nemendum nýtist best að fá stuðninginn inn í árganginn en öðrum hentar betur að vinna í smærri hópum í öðru rými. Því eru stundum fleiri en einn kennari í ákveðnum námsgreinum í hverjum hópi eða sérkennari með hóp.

Markmið sérkennslu Salaskóla er að skapa námslega sigra og að nemendur vinni út frá sínum sterku hliðum og áhuga. Við leggjum áherslu á að þeir vinni með fjölbreytt viðfangsefni auk þess sem unnið er að félagslegri aðlögun. Hlutverk sérkennara er m.a. að laga nám og námsaðstæður að þörfum nemenda auk þess að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Í Salaskóla er sérdeild fyrir einhverfa nemendur sem um gilda sérstakar inntökureglur samkvæmt verklagi Kópavogsbæjar um sérdeildir. Deildina sækja nemendur úr öllum skólahverfum í Kópavogi.

Kennsla í íslensku sem annað tungumál fer fram samkvæmt viðmiðunarreglum Kópavogsbæjar. Á yfirstandandi skólaári eru tæplega 40 nemendur sem fá slíka kennslu og fer kennslan fram í tungumálaveri skólans. Tímafjöldi hvers nemanda og áherslur kennslunnar fara meðal annars eftir komuári til Íslands og stöðu nemandans á svokölluðu „Milli mála prófi“ sem er staðlað málkönnunarpróf. Nálgun í námi og kennslu miðar að því að valdefla nemendur og styðja þá til aukinnar hæfni í íslensku með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Viðkomandi nemendur og fjölskyldur þeirra fá einnig upplýsingar um félags- og tómstundastarf og stuðning við aðlögun í samfélaginu utan skólans.

Námsmat

Megintilgangur námsmats er að vera nemanda leiðbeinandi um stöðu sína í námi og þá framþróun sem verður á námstímanum. Hverjum kennara ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim hæfniviðmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Nemendur fá formlega umsögn tvisvar á skólaárinu, í janúar og í júní. Þess utan byggist mat á árangri nemenda



á símati, m.a. þátttöku í verkefnum og fjölbreyttri verkefnavinnu jafnt og þétt yfir skólaárið.

Á yfirstandandi skólaári hefur Salaskóli fengið styrk til þróunarverkefnis úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til áframhaldandi þróunar námsmats og munu áherslur skólaársins m.a. lúta að samræmingu á milli kennara og árganga og aukinnar fræðslu til foreldrar um tilgang og framsetningu námsmats.

Heimanámsstefna Salaskóla

Foreldrar hafa áhuga á að fylgjast með gengi sinna barna í náminu og sá áhuga skiptir oft sköpum. Einfaldasta leiðin fyrir foreldra til að fylgjast með náminu er að setjast daglega niður með barni sínu og aðstoða það við heimalestur. Hlusta á það lesa, hvetja til vandvirkni við ritun, styðja við fjölbreyttan orðaforða, hlýða yfir margföldunartöfluna o.s.frv. Gamla fyrirkomulagið, að börnin sitji við eldhúsborðið og vinni heimaverkefni sín meðan foreldrar hræra í pottunum er gulls ígildi. Þá geta foreldrar einnig setið með börnum sínum meðan þau vinna. Maður þarf ekki endilega að kunna námsefnið til að aðstoða við heimanámið, það er hvatningin og áhuginn sem mestu máli skiptir. Ef barnið lendir í vandræðum og enginn á heimilinu áttar sig á hvað á að gera, þá bara skrifa athugasemd til kennarans.

Markmið með heimanámi nemenda í Salaskóla er að barnið læri að sýna sjálfsaga, læri að vinna á eigin spýtur, þjálfun, undirbúningur undir kennslustundir og ekki síst að skapa jákvæð samskipti milli foreldra og barna um það sem börnin eru að gera á daginn. Góð og jákvæð samskipti foreldra og barna á meðan á heimanáminu stendur geta haft mikil áhrif á námsárangur. Ef foreldrar eiga í vandræðum með að fá börn sín til að læra heima biðjum við þá um að hafa samband við skólann og í sameiningu hjálpumst við að við að leysa málið farsællega.

Heimanám - yngsta stig

- megináherslan er á heimalestur. Nemendur eiga að þjálf sig a.m.k. 5 daga í viku og best ef þeir gera það á hverjum einasta degi vikunnar. Hlutverk foreldra er að fylgjast með, hlusta og sýna áhuga.
- auk heimalesturs er stöku sinnum í möppunni eitt lítið verkefni, kynning fyrir foreldra á því sem búið er að vinna með í skólanum. Einnig getur verið verkefni sem er ætlað til þjálfunar í t.d. ritun eða stærðfræði.
- nemendur í grunnskóla eru í fullri vinnu í skólanum og allt heimanám að undanskildum lestrinum er aukavinna og í raun sýnishorn á vinnu nemenda í skólanum.



- ef heimanám er sent heim kemur það á föstudegi og því á að skila til baka á föstudegi viku síðar. Það á ávallt að vera í sérstakri heimanámsmöppu sem auðveldar kennara og foreldrum að halda utan um það.

Heimanám - miðstig

- markmið með heimanáminu er undirbúningur undir kennslustundir en jafnframt geta foreldra nýtt það til að fylgjast með námi barna sinna.
- mikilvægt er að allir nemendur lesi daglega, t.d. skáldsögu sem höfðar til þeirra. 15 – 20 mín að kvöldi fyrir svefn skiptir miklu máli í þjálfun á lesskilningi. Meiri tími er bara til bóta.
- ef nemendur eða foreldrar óska eftir meiri heimavinnu en skólinn lætur nemendur hafa þá er best að hafa samband við viðkomandi kennara.

Heimanám - unglingastig

- markmið með heimanámi í unglingadeild er að nemendur vinni frekar með þá námsþætti sem verið er að vinna með í skólanum. Þannig fá þeir tækifæri til að byggja upp og dýpka þekkingu sína.
- heimanám í unglingadeild gengur gjarnan út á að ljúka við verkefni sem ekki tókst að ljúka í kennslustundum í skólanum. Einnig geta verið önnur verkefni sem kennarar setja nemendum fyrir og eru þá upplýsingar um það á Mentor og Classroom. Gera má ráð fyrir daglegu heimanámi.
- mikilvægt er að allir nemendur lesi daglega, t.d. skáldsögu sem höfðar til þeirra. 15 – 20 mín að kvöldi fyrir svefn skiptir miklu máli í þjálfun á lesskilningi. Meiri tími er bara til bóta.

Foreldraviðtöl

Þetta skólaárið verða foreldraviðtölin nemendastýrð, en það er frábær leið til að gera nemandann að virkum þátttakanda í eigin foreldraviðtali. Það er nemandinn sem er í aðalhlutverki og stýrir viðtalinu og upplýsir foreldra sína um hvað hann er að gera í skólanum og hvernig honum gengur. Meginmarkmið nemendaviðtala er sjálfsefning, fagmennska og samstarf. Nemandinn öðlast trú á eigin getu, lærir að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Teljum við að þetta veiti nemandanum aukna vellíðan og stuðli að aukinni færni og árangri hans utan skóla sem innan. Foreldraviðtöl verða haldin 8. - 11. október og 29. janúar.



Kaflí 4

Starfsáætlun nemenda

Kennsludagar á hverju skólaári eru 180 og eru þeir nánar skilgreindir á skóladagatali. Vikulegur kennslustundafjöldi er 30 stundir í 1. – 4. bekk, 35 stundir í 5. – 7. bekk og 37 stundir í 8. – 10. bekk. Á yngsta stigi hefst kennsla kl. 8:20 og henni lýkur kl. 13:20. Nemendur á miðstigi mæta kl. 8:20 í skólann og eru almennt búnir kl. 14:00 (í nokkrum tilvikum frávik vegna skólasunds). Daglegur skólatími unglinga er breytilegri, getur byrjaði síðar að morgni á stökum dögum og getur staðið til 14:15. Salaskóli notast við viðmið aðalnámskrár þegar reikna á út fjölda kennslustunda á hverja námsgrein.

Skipulag og stundaskrá

Skipulag og kennsluhættir Salaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám sem og að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins. Til að auka sveigjanleika og fjölbreytni í skólastarfinu er nauðsynlegt að stundaskráin geti verið breytileg frá einum tíma til annars í samræmi við áherslur hverju sinni.

List- og verkgreinakennsla

List- og verkgreinar að tónlist undanskilinni eru kenndar í smiðjum í 1. – 9. bekk. Nemendur eru aðeins í einni smiðu hverju sinni og að jafnaði tekur hver smiða 5 – 7 vikur. Á unglingastigi eru list- og verkgreinar einnig kenndar í valgreinum.

Tónmennt er ekki kennd með formlegum hætti á yfirstandandi skólaári vegna ársleyfis kennara en ekki tókst að ráða kennara í hans stað.

Þemavinna

Samþætting námsgreina er fastur liður á stundaskrá í 8. – 10. bekk. Þá vinna nemendur í alls konar hópum að ýmsum þverfaglegum viðfangsefnum. Markmiðið er að nemendur glími við heildstæð verkefni þvert á námsgreinar og leysi þau í samvinnu við aðra, jafnframt því að þeir fái nokkurt val um viðfangsefni og skil þeirra. Verkefnin eru afar fjölbreytt og krefjandi. Margs konar þematengd vinna er einnig viðhöfð í öðrum árgöngum, stundum þvert á árganga en einnig innan árganga eða bekkja.

Útikennsla

Rjúpnalundur er sameiginlegt útikennslusvæði Salaskóla, Fífusala og Rjúpnahæðar. Þar er skemmtileg aðstaða til ævintýralegrar útiveru allt árið um kring. Þar eru tré, bekkir og eldstæði og því hægt að tylla sér niður, kveikja upp og grilla á opnum eldi. Kennarar



skipuleggja ýmis konar útikennslu og við leitumst við að hún eigi sér stað allan ársins hring.

Ferðalög

Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði. Nemendur í 9. bekk fara einnig í skólabúðir, í ár verður farið í Vatnaskóg í 2 nætur. Árlega er stefnt að skíðaferð með 5. – 10. bekk ef nægur snjór er í Bláfjöllum. Eitthvað verður um styttri ferðir, en þeim er stillt í hóf vegna rútukostnaðar.

Gróðursetning

Árlega taka nemendur í 5. bekk að sér gróðursetningu á trjáplöntum í bæjarlandinu. Það verkefni er í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs.

Gegn einelti

Á degi gegn einelti ár hvert (í nóvember) taka Salaskóli og leikskólarnir í Salahverfi höndum saman og vinna verkefni tengd vináttu og gegn einelti. Elstu nemendur Salaskóla heimsækja leikskólana þar sem þeir leika við krakkana og eru með þeim í samverustundum þar sem rætt er um vináttu og einelti. Aðrir nemendur skólans hittast og vinabekkir vinna verkefni saman í tengslum við daginn.

Fjölgreindaleikar

Fjölgreindaleikar Salaskóla eru einn mikilvægasti viðburður skólaársins. Fyrstu fjölgreindaleikar Salaskóla voru vorið 2003, á öðru starfsári skólans. Það voru kennarar við skólann sem áttu hugmyndina að leikunum og síðan hafa þeir breiðst út til fjölda skóla á Íslandi. Markmiðið með leikunum er að vinna að góðum skólabrag með því að nemendur á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna sem reyna á allar greindir mannskepnunnar. Leikarnir eru jafnframt keppni milli hópa í samvinnu og félagsanda. Þar reynir ekki síst á leiðtoga hvers hóps, en það eru nemendur úr elstu árgöngum skólans. Þá daga sem leikarnir standa yfir ríkir einstök gleði í skólanum og til að ýta enn frekar undir hana mætir starfsfólk í furðufötum.

Allir nemendur taka þátt í leikunum og er þeim skipt hópa og í hverjum hópi eru nemendur af öllum skólastigum. Keppnisgreinar skipta tugum og hver hópur keppir í öllum greinum. Keppnisgreinar reyna eins og áður segir á allar greindir og fjölbreytni er afar mikil. Við höfum gert [kynningarmynd](#) um fjölgreindaleikana sem hægt að nálgast á heimasíðu skólans.



Jólahefðir Salaskóla

Jólatré er sett upp á aðventunni í salnum okkar. Yngri nemendur skreyta tréð með skrauti sem þeir hafa gert sjálfir. Nemendur í 7. bekk búa til og setja upp jólaþorp í samstarfi við smiðjukennara. Mötuneytið er með uppbrot í mat síðustu dagana fyrir jólafrí. Jólaball unglíngadeildar er að kvöldi og daginn eftir eru litlu jólin hjá yngri nemendum. Jólafrí nemenda hefst að loknum jólaböllum samkvæmt skóladagatali.

Það hefur löngum verið hefð í Salaskóla að halda upp á Lúsíumessu sem tengist verndardýrðlingnum Santa Lúsíu í kringum 13. desember. Nemendur í 4. bekk eru í aðalhlutverki og Lúsían hefur í gegnum tíðina verið valin úr 7. bekk. Nemendur klæðast hvítum kyrtlum, hnýta silfurbönd um mitti sér og höfuð og halda á ljósi. Lúsían sjálf er prýdd ljósakransi og með rauðan linda um mitti. Lúsíugangan fer um allan skólann með söng og tilheyrandi hátíðleika. Nemendur koma fram á ganga með kennurum sínum og fylgjast með göngunni. Falleg og friðsæl stund í morgunsárið á þessum tíma í skammdeginu á aðventunni.



Kafli 5

Val nemenda í 8. – 10. bekk

Hluti af námi í unglingadeild eru valgreinar og hver nemandi velur að jafnaði 3 stundir á viku. Hverju skólaári er skipti í þrjú val tímabil. Nemendur geta fengið þátttöku í formlegu íþrótta- og tómstundastarfi metna sem valgrein. Þær valgreinar sem eru í boði í vetur eru m.a. þessar:

- Árbókarval
- Árs hátíðarmyndbandið
- Cricut
- Dans- og tónlistarkvikmyndir
- Endurunnið skart
- Fingrasetning
- Framtíðin í kvikmyndum
- Frístund
- Fusion 360 og þrívíddarprentun
- Góð hugmynd
- Heimilisfræði
- Hundagöngutúrar
- Íslenskuaðstoðin
- Kertagerð og steypuvinna
- Leiklistaval
- Ljósmyndaval
- Næringarfræði
- Námsaðstoð
- Plöntuskoðun
- Rafíþróttir
- Salafréttir
- Salaskóli Got Talent
- Saumaklúbburinn
- Skartgripagerð og málmsmíði
- Slökun - Yoga Nidra
- Sönn sakamál
- Spilaval
- Spurt og svarað
- Stærðfræði
- Starfskynningar
- Stíll hönnunarkeppni
- Styrjaldarbíó
- Trump vs. Harris
- Uppeldisfræði

Auk þessa geta nemendur tekið framhaldsskólaáfanga í fjarnámi eða staðnámi, t.d. í stærðfræði og tungumálum. Auk þess flokkast hluti af samþættu námi sem „bundið val“ - en þær leggja kennarar ákveðnar línur en nemendur geta haft val um verkefni, útfærslu þeirra og skil.



Kaflí 6

Skólabragur

Í Salaskóla leggjum við áherslu á jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag. Kennsluhættir vega þungt ásamt þeim viðhorfum sem ríkja í skólanum. Áhersla er lögð á gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk og að hagsmunir nemenda séu í brennidepli. Skólinn vinnur í anda stefnunnar Uppeldi til ábyrgðar þar sem uppbyggilegar aðferðir eru hafðar að leiðarljósi.

Í kennslunni er horft til styrkleika og ólíkra greinda nemenda og nýjar leiðir eru farnar til að koma betur til móts við nemendur. Gott stoðkerfi undirstrikar það viðhorf að sérhver nemandi sé mikilvægur og fái notið góðrar skólagöngu.

Mikið er lagt upp úr góðum og jákvæðum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins. Þannig er lögð áhersla á að þegar einhverjum verður á sé málið leyst á uppbyggilegan hátt og að allir gangi uppréttir frá borði.

Hlustað er á viðhorf og vilja aðila skólasamfélagsins um skólastarfið og leitað eftir hugmyndum um hvernig bæta megi það.

Sem dæmi um verkefni á skólaárinu sem ýta undir góðan skólabrag er “góðgerðarhlaup” í september, fjölgreindarleikar í nóvember, þemadagar að vori og margt fleira.

Ábyrgð og skyldur nemenda, foreldra og starfsfólks skóla

(Samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélags í grunnskólum)

Nemendur

- Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri þeirra og þroska.
- Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra.
- Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.
- Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum.



Starfsfólk skóla

- Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni.
- Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum. Stjórnendum skóla ber að vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og í þeirri vinnu skal taka sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda.
- Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og bekkjarbrag og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvoru tveggja. Starfsfólki skóla ber að taka afstöðu gegn líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi í skólanum. Ef slík tilvik koma upp skal bregðast við þeim samkvæmt stefnu skólans.
- Skólastjórnendum og kennurum ber að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun eða framkomu nemanda í öllu starfi á vegum skóla, þ. á. m. í útiveru á skólatíma og í ferðum utan skólalóðar á vegum skólans.

Foreldrar

- Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.
- Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur.
- Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, s.s. um vanlíðan barna sinna og áföll sem



gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

- Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðiþjónustu og fræðslufirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun og framkomu barna þeirra.
- Foreldrum ber ásamt barni að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila.

Eineltisáætlun Salaskóla

Einelti er ekki liðið í Salaskóla og í skólareglum er það flokkað sem alvarlegt mál. Skólayfirvöld, starfsfólk, nemendur, skólaráð og foreldrafélag vinna markvisst með fjölbreyttum aðferðum gegn einelti í skólanum. Í öllum bekkjum er unnið eftir forvarnaráætlun Salaskóla þar sem áhersla er á að byggja upp jákvæð samskipti og góða sjálfsmynd. Skólinn leggur ríka áherslu á að traust og virðing ríki innan skólans og nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum. Tilkynningar um eineltismál eru teknar fyrir í nemendaverndarráði og unnið að þeim samkvæmt verklagi í eineltisáætlun.

Hvað er einelti?

Salaskóli styðst við eftirfarandi skilgreiningu á einelti, en túlkar hana rúmt og vinnur frekar fleiri mál en færri sem eineltismál:

Einstaklingur er lagður í einelti ef hann/hún verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil.

Tilkynning um einelti

Salaskóli hvetur nemendur sem telja sig eða aðra nemendur verða fyrir einelti að segja frá því. Þeir geta leitað til kennara, námsráðgjafa, skólastjórnenda eða foreldra. Mikilvægt er að bíða ekki með að tilkynna.

Viðbrögð:

- Þegar grunur vaknar um einelti eða skólanum berst tilkynning er málið kannað og aflað nauðsynlegra upplýsinga.
- Viðtöl við gerendur og foreldra þeirra. Þá er einnig rætt við þolanda og foreldra hans.
- Tekið fyrir í nemendaverndarráði og skráð þar.
- Málinu fylgt eftir þar til tryggt þykir að því sé lokið.



Uppeldi til ábyrgðar

Salaskóli vinnur eftir hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar og hefur gert það frá árinu 2007. Meginatriði stefnunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsgaga, sjálfstjórn og leiðir til að auka sjálfstraust sitt.

Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.

Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Forvarnaráætlun Salaskóla

Forvarnaráætlun skólans nær til allra árganga í skólanum. Samkvæmt forvarnaráætluninni á að fræða nemendur um einelti og afleiðingar þess á hverju ári. Einnig er uppeldi til ábyrgðar nýtt sem forvarnarstarf. Aðrar forvarnir sem skólinn tekur fyrir er t.a.m. fræðsla um ofbeldi (heimilisofbeldi/kynferðisofbeldi), hugrekki-fræðsla, tóbaks og vímuefnafræðsla og kynfræðsla. Forvarnaráætlun er hægt að nálgast á heimasíðu skólans. Forvarnaráætlun er uppfærð reglulega eins og aðrar áætlanir en það eru náms- og starfsráðgjafi og félagsráðgjafi sem halda utan um hana.

Skólareglur Salaskóla

1. *Samskipti í skólasamfélaginu skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitsemi. Nemendur, starfsmenn og foreldrar eiga að koma vel fram og stuðla þannig að góðum skólabrag. Hvers kyns ofbeldi, líkamlegt eða andlegt er ekki liðið.*
2. *Nemendur eiga að hlýða starfsfólki skólans og taka leiðbeiningum þess vel.*
3. *Gestir sem koma í skólann eiga að koma fyrst á skrifstofu skólans og gera grein fyrir sér. Foreldrar sem ætla að ná tali af kennara eða skólastjórnendum verða að óska eftir viðtali með fyrirvara.*



4. *Nemendur skulu sinna vinnu sinni og starfi í skólanum af kostgæfni og leggja sig fram um að gera eins vel og þeir geta. Þeir skulu sýna umburðarlyndi og leggja sig fram við að skapa góðan vinnuanda.*
5. *Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn þeirra mæti stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag. Foreldrum ber að tilkynna veikindi og leyfi strax að morgni dags í síma 441 3200 eða á netfangið ritari@salaskoli.is. Veikindi sem vara allan daginn er einnig hægt að skrá í Mentor. Fari nemandi veikur heim úr skólanum þarf að tilkynna það á skrifstofu skólans í síma eða með tölvupósti. Að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.*
6. *Leyfi allt að einum degi veitir umsjónarkennari, en lengri leyfi allt að einni viku skulu forráðamenn sækja um skriflega á netfangið ritari@salaskoli.is eða á skrifstofu skólans. Ef leyfi er umfram eina viku þarf að sækja um tímabundna undanþágu til skólastjóra á eyðublaði sem fæst á skrifstofu skólans og á heimasíðu. Tilgreina skal ástæður leyfis og tímabil.*
7. *Ganga skal vel um jafnt innan dyra sem utan og fara vel með allar eigur skólans.*
8. *Mynd- og hljóðupptökur eru aðeins leyfðar í skólahúsnæði og á skólalóð Salaskóla á skólatíma með leyfi skólastjórnar.*
9. *Nemendur 1. – 7. bekkjar fara í útivist á hverjum degi og þurfa því að koma klæddir í samræmi við það. Ef nemandi þarf af einhverjum ástæðum að vera inni geta foreldrar óskað eftir því og þurfa þá að senda skriflega beiðni um það til umsjónarkennara. Nemendur í 1. – 7. bekk eiga einnig að vera á skólalóðinni og mega ekki yfirgefa hana nema að fengnu leyfi umsjónarkennara. Hætta skal leikjum um leið og skólabjallan hringir og fara í kennslustundir í samræmi við þær reglur sem gilda í bekknum. Samskipti nemenda í útivist skulu einkennast af félagsanda, tillitssemi og virðingu fyrir skólafélögum og starfsfólki skólans. Þegar nemendur eru í útivist sinna starfsmenn skólans gæslu og aðstoða nemendur og leiðbeina ef með þarf.*
10. *Nemendur í 1. – 7. bekk geta keypt áskrift að ávöxtum á morgnana, ella skulu þeir koma með hollt og gott nesti í skólann. Þeir hafa aðgang að vatni og mjólk í skólanum. Heimilt er að neyta annarra svaladrykkja á skólaskemmtunum. Óheimilt er að neyta sælgætis á skólatíma og gosdrykkir og orkudrykkir eru bannaðir á skólatíma.*
11. *Notkun hjóla, hjólabretta, hlaupahjóla og vélhjóla er ekki leyfð á skólalóðinni á skólatíma. Þessi farartæki á að geyma við hjólagrindur utandyra.*



12. Notkun farsíma, hvers kyns tölva og annars sem getur truflað nám og kennslu er með öllu óheimil í kennslustundum nema kennari hafi heimilað notkunina. Ef nemandi hlýðir ekki fyrirmælum kennara getur kennari tekið tækið af honum og geymt þar til kennslustund lýkur.
13. Skólinn tekur hvorki ábyrgð á persónulegum munum nemenda né fjármunum.
14. Hvers kyns notkun vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
15. Starfsmönnum skólans er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í slíkum tilvikum skal ávallt greina foreldrum frá málavöxtum.
16. Kennurum er heimilt að setja sérstakar reglur í bekkjum sínum í samráði við nemendur enda falli þær innan ramma skólareglna.
17. Skólareglur Salaskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

Markmið með skólareglum Salaskóla eru að:

- nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfi, notið hæfileika sinna og séu öryggir í öllu starfi á vegum skólans,
- stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum að öðru leyti,
- allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru leiðarljós,
- stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti og stuðla að gagnkvæmu trausti allra aðila í skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu, samábyrgð, kurteislegri framkomu og tillitssemi,
- haldið sé uppi námsaga þar sem tekið er tillit til þarfa nemenda, þroska og hæfni þeirra, með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi,



Brot á reglum

Ef nemandi brýtur reglur skólans skal umsjónarkennari leita orsaka þess og reyna að ráða bót á. Verði samt ekki breyting til batnaðar skal umsjónarkennari leita aðstoðar skólastjórnenda og annarra sérfræðinga eða ráðgjafa skólans. Skili það ekki árangri eða ef málið er mjög alvarlegt leitar skólinn aðstoðar menntasviðs og velferðarsviðs Kópavogsbæjar. Ávallt skal leitað eftir samvinnu við forráðamenn nemenda um úrlausn málsins. Við skiptum alvarleika brota í þrjá flokka.

Flokkur 1

Í flokki 1 eru brot eins og

- þras / ögrun / rifrildi
- trufla vinnu eða leiki annarra
- ganga illa um
- fara út af skólalóðinni
- hávaði

Viðbrögð:

- Nemandinn fær taltal og leiðbeiningar frá kennara.

Flokkur 2

Í flokki 2 eru brot eins og

- ókurteisi
- særandi eða niðrandi orðbragð
- fordómar í garð annarra
- óhlýðni við starfsfólk
- ósannsögli, svik, svindl
- stríðni, hrekkir

Viðbrögð:

- Kennari hefur samband við foreldra og skráir atvikið. Ef nemandi sýnir ekki bætta hegðun eru foreldrar boðaðir til fundar ásamt nemanda.
- Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að víkja nemanda úr kennslustund. Tryggja skal að skólastjórnandi eða sérfróður ráðgjafi í skólanum taki við nemandanum og ræði við hann um agabrotið. Forráðamönnum skal ætíð gerð grein fyrir agabrotum barns síns svo og umsjónarkennara. Einnig skal nemanda gefinn kostur á því að tjá sig um málið.



Flokkur 3

Í flokki 3 eru brot eins og

- ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, þar með talið einelti
- ógnandi hegðun, áhættuhegðun og alvarlegar hótanir
- skemmdarverk
- þjófnaður
- meðferð vopna og hættulegra efna
- notkun ávana- og / eða fíkniefna, þar með talið áfengi, tóbak og rafrettur
- óheimil myndataka

Viðbrögð:

- Starfsmaður vísar málinu samstundis og án umræðu til skólastjórnenda sem taka ákvörðun um farveg þess. Málið er jafnframt kynnt í nemendaverndarráði og skráð í fundargerðabók ráðsins. Skólastjórnendur meta hvort tilkynna skuli málið til viðeigandi yfirvalda eða lögreglu.
- Skólastjórnendur hafa samband við foreldra svo fljótt sem auðið er.
- Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum getur skólastjóri vísað honum úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólayfirvöldum tafarlaust þá ákvörðun, sbr. 14. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnarsýslulaga.
- Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna og ber að bæta tjónið.
- Áhersla er lögð á að vinna alvarleg mál hratt og örugglega.

Reglur um notkun á spjaldtölvum og sínum í Salaskóla

1. Nemendum í 1. - 7. bekk er óheimilt að nota síma á skólatíma. Ef þeir eru með síma eiga þeir að geyma þá í skólatöskunni sinni þar til skóla lýkur. Síminn verður að vera þannig stilltur að hann hvorki gefi frá sér hljóð né hreyfist.
2. Nemendur í 8. - 10. bekk mega ekki nota síma í kennslustund nema kennari ákveði annað og þá vegna náms. Símar þeirra eiga að vera þannig stilltir að þeir hvorki gefi frá sér hljóð né hreyfist.
3. Spjaldtölvan er fyrst og fremst námstæki sem á að nota í skólanum undir stjórn kennara. Kennari ákveður hvenær á að nota spjaldtölvu við námið og hvenær hún er ekki í notkun. Þegar spjaldtölvan er ekki í notkun í kennslustund á að geyma



hana lokaða á horni borðsins eða ofan í tösku. Spjaldtölvun á að vera á hljóðlausri stillingu í kennslustundum.

4. Myndatökur á síma eða spjaldtölvur eru með öllu bannaðar í skólanum og á skólalóð nema með leyfi kennara eða skólastjórnenda. Sama gildir um íþróttamiðstöð og í ferðum á vegum skólans.
5. Nemendur í 5. – 7. bekk eiga að geyma spjaldtölvur sínar í kennslustofu í frímínútum og kennsluhléum.
6. Nemendur í 8. – 10. bekk mega nota síma og spjaldtölvur í frímínútum og kennsluhléum. Æskilegt er þó að hver árgangur komi sér saman um fjölbreytni í samskiptum og ákveði að einhverjar frímínútur verði skjálausar og um leið lögð áhersla á annars konar samskipti. Notkun síma og spjaldtölva er þó með skýrum takmörkunum:
 - a. Leyfilegt er að nota síma og spjaldtölvur á bókasafni, gangi og miðrými skólans, en þó ekki á svæðum sem sérstaklega eru merkt sem skjálaus rými.
 - b. Ekki má nota síma eða spjaldtölvur í matartíma, á salernum eða í íþróttahúsi og sundlaug, hvorki í búningsherbergjum eða almenningsrými.
7. Nemanda er heimilt að taka spjaldtölvuna með sér heim að loknum skóladegi en skal hafa hana með sér í skólann daginn eftir fullhlaðna. Notkun tækisins heima skal vera í samráði við foreldra og skal nemandi fylgja þeim reglum sem foreldri setur. Ef nemandi fylgir ekki þeim reglum sem foreldrar setja getur foreldri óskað eftir því að tækið sé geymt í skólanum.
8. Nemandi og foreldrar bera ábyrgð á notkun spjaldtölvunnar meðan nemandinn hefur hana til afnota. Nemandi skal gæta þess að fara vel með tækið og sýna ábyrgð í notkun þess. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra að nemandi eigi í erfiðleikum með þessa ábyrgð geta foreldrar eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum.
9. Hver árgangur getur sett sér sérstakar reglur um spjaldtölvu- og símanotkun en þær verða að vera innan þess ramma sem þessar reglur setja.



Reglur í matartíma

1. Nemendur fara í röð þegar þeir koma í matsalinn og bíða rólegir eftir að röðin komi að þeim.
2. Nemendur fá hæfilegan skammt á sinn disk og fá sér sjálfir grænmeti af salatbarnum á diskinn. Ganga svo rólega með matinn til sætis.
3. Ef nemandi vill fá meira að borða fer hann aftur í röðina með diskinn sinn. Tveir skammtar er flestum nemendum nóg ef þeir hafa skammtað sér hæfilega.
4. Matartíminn á að vera róleg stund. Þar eiga allir að tala með inniröddinni við þá sem sitja nálægt.
5. Ekki má vera með spjaldtölvur eða síma í matsal á matartíma.
6. Nemendur sýna góða borðsiði og ganga snyrtilega um matinn sinn. Þeir eiga að leggja sig fram við að gera matartímann að ánægjulegri stund.
7. Nemendur ganga frá eftir sig, þurrka af borðinu og fara með diska, hnífapör og glös á vagninn.
8. Ef nemandi finnur aðskotahlut í matnum sínum á hann að láta starfsmann vita strax sem kemur þeim boðum til kokksins. Kokkurinn kannar hvaðan sá aðskotahlutur kemur og gerir viðeigandi ráðstafanir ef rekja má hann til eldhússins. Ef hann kemur frá birgja á tafarlaust að hafa samband við hann og gera honum viðvart.
9. Þegar nemendur eru búnir að borða þakka þeir starfsfólki eldhússins fyrir sig. Ef einhverjum líkar ekki maturinn, segir hann t.d. „Þessi matur fellur ekki að mínum smekk“ í stað þess að tala um vandan mat.
10. Ef einhver gleymir reglum eiga aðrir nemendur að hjálpa honum að muna eftir þeim.
11. Nemandi sem hagar sér illa í matsal fær aðstoð hjá foreldrum sínum til að sýna góða borðsiði og fara eftir reglum.



Punktakerfi í 8. - 10. bekk

Markmiðið með punktakerfinu er að stuðla að góðri hegðun og skólasókn og veita nemendum gott aðhald.

Mætingar, ástundun og hegðun

Nemandi byrjar með 10 í einkunn. Ef hann fær punkta, þá lækkar sú einkunn. Fjórir punktar lækka um einn heilan. Punktar er gefnir fyrir eftirfarandi:

<i>Of seint</i>	<i>1 punktur</i>
<i>Óheimil fjarvist úr kennslustund</i>	<i>2 punktar</i>
<i>Skilar ekki heimavinnu</i>	<i>1 punktur</i>
<i>Mætir ekki með heimavinnu</i>	<i>1 punktur</i>
<i>Óvirkur í tíma</i>	<i>1 punktur</i>
<i>Fylgir ekki fyrirmælum</i>	<i>1 punktur</i>
<i>Truflar í tíma</i>	<i>1 punktur</i>
<i>Fer ekki eftir skóla- /bekkjarreglum</i>	<i>1 punktur</i>

Punktar sem gilda aðeins í íþróttahúsi

<i>Kemur ekki með íþróttaföt</i>	<i>1 punktur</i>
<i>Fylgir ekki reglum í íþróttahúsi</i>	<i>1 punktur</i>

Punktar sem ekki teljast með í einkunn

<i>Kemur með miða í íþróttir/sund</i>	<i>1 punktur</i>
---------------------------------------	------------------

Tækifæri til að hækka einkunn

Einkunn kemur fram á vitnisburði nemenda í janúar og júní. Nemandi getur sótt um að hækka einkunn sína einu sinni á önn. Sótt er um til umsjónarkennara. Með því að vera punktalaus í eina viku falla niður tveir punktar.

Viðbrögð:

- Allir kennarar skrá í Mentor.
- Umsjónarkennarar fylgjast með punktastöðu nemenda sinna og láta þá vita hver staðan er.
- Nemendur og foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með punktastöðunni í Mentor.
- Ekki er hægt að afskrifa punkta sem eru meira en viku gamlir nema með samningi.



Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Kópavogsbær hefur skýr viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda. Salaskóli vinnur eftir þessum viðbrögðum eins og við á.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN LEYFI/VEIKINDI



Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisdaga við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 5-9 DAGAR	ÞREP 2 10-14 DAGAR	ÞREP 3 15-19 DAGAR	ÞREP 4 20-29 DAGAR	ÞREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtali við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu skóla- hjúkunarfræðings.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasviði Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innlíst í skóla þegar það kemst á skólaskylduáldur og sækir skóla“.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN FJARVISTIR



Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða ástundun nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 2-4 FJARVISTIR	ÞREP 2 5-9 FJARVISTIR	ÞREP 3 10-14 FJARVISTIR	ÞREP 4 15-24 FJARVISTIR	ÞREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtali við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasviði Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innlíst í skóla þegar það kemst á skólaskylduáldur og sækir skóla“.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Kafli 7

Skólaráð, foreldrafélag, nemendaráð og aðrar nefndir/teymi innan skóla

Ýmis ráð og nefndir starfa samkvæmt lögum og reglugerðum og hafa það hlutverk að veita skólastarfinu aðhald eða koma að ákvarðanatöku og/eða stefnumótun.

Skólaráð

Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið og fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum. Skólastjóri starfar með skólaráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum. Ráðið fundar að jafnaði 5-7 sinnum yfir skólaárið með skólastjórnendum og eru fundargerðir þess aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólaráð er skipað 2 fulltrúum foreldra, 2 fulltrúum nemenda, 2 fulltrúum kennara, 1 fulltrúa annarra starfsmanna skólans, 1 fulltrúa grenndarsamfélagsins auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem er ritari og áheyrnarfulltrúi.

Foreldrafélag

Í Salaskóla er starfrækt öflugt foreldrafélag. Félagar í því eru allir foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum. Meginmarkmið félagsins er að efla samstarf milli foreldra/forráðamanna nemenda skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og starfi. Starf foreldrafélagsins byggist á skipulögðu samstarfi foreldra/forráðamanna nemenda í hverjum bekk og skólans.

Stjórn foreldrafélagsins er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum sem allir eru foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum. Stjórnin fundar reglulega einu sinni í mánuði og oftast ef ástæða er til. Ef foreldrar/forráðamenn vilja koma málum á framfæri við stjórnina þá er hægt að hafa samband við stjórnina í gegnum tölvupóst eða símleiðis. Stjórnarskipti eru á aðalfundi sem er haldinn að vori. Uppfærðar upplýsingar um hverjir sitja í stjórn eru á heimasíðu skólans.

Tveir bekkjarfulltrúar koma úr hverjum árgangi og er hlutverk þeirra m.a. að halda utan um félagslegt bekkjarstarf í samráði við kennara og aðra foreldra í árganginum. Einnig hvetja þeir til þátttöku annarra foreldra og mæta á aðalfund foreldrafélagsins.

Ýmsar nefndir munu starfa á vegum foreldrafélagsins. Þær verða skipaðar af foreldrum/forráðamönnum nemenda.



Fastir árvissir viðburðir á vegum foreldrafélagsins eru *aðventuganga* í byrjun desember, en þá er safnast saman við Salaskóla og gjarnan flutt tónlist. Síðan er farið í ljósagöngu í nágrenni skólans. Eftir gönguna er boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur í skólanum. *Páskabingó* með glæsilegum vinningum og ósvikinni skemmtun er haldið rétt fyrir páskaleyfi. *Vorhátíð* foreldrafélagsins er í maí og er að verða að sannkallaðri hverfishátíð. Þá koma nemendur og foreldrar þeirra saman, leika, borða góðgæti og gera margt skemmtilegt. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir *foreldrarölti* um Salahverfi á föstudags- eða laugardagskvöldum.

Foreldrafélagið er á [Facebook](#) og eru allir foreldrar hvattir til að fylgjast með starfi þess þar.

Nemendavernd

Starfsfólk skólans gerir sitt besta til að vera vakandi yfir velferð nemenda. Vanlíðan getur birst í óæskilegri hegðun, s.s. fjarvistum, ofbeldi, vanrækslu í námi, einelti o.s.frv. Nemendaverndarráð heldur utan um þessi mál og grípur inn í þegar þess þarf í samráði við umsjónarkennara. Auk þeirra eru nemendur sjálfir og foreldrar þeirra lykilaðilar þegar kemur að velferð nemenda.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma sérfræðipjónustu við nemendur, þ.e. námsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, skólahjúkrun og aðra stoðþjónustu. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa og metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf. Ráðið tekur ákvörðun um aðgerðir og framkvæmd þeirra.

Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með námi, þroska og líðan nemenda sinna, aðstoða þá eftir föngum og gefa þeim góð ráð í persónulegum málum. Umsjónarkennari er í samstarfi við foreldra og vísar til nemendaverndarráðs þeim málum sem undir það falla.

Hlutverk nemenda er að stunda nám sitt af kostgæfni og sýna alúð í vinnu og samskiptum.

Hlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna, vera ábyrgir fyrir framkomu, skólasókn og heimavinnu barna sinna og vakandi yfir líðan þeirra, námsgengi og félagslegri stöðu og eiga uppbyggileg samskipti við aðra foreldra um börnin.

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Í því sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er formaður ráðsins, deildarstjóri stoðþjónustu, félagsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess sitja fundina forstöðumenn frístundar og félagsmiðstöðvar þegar fjallað er um mál er snúa að þeirra starfsemi. Ráðið fundar vikulega. Umsjónarkennarar vísa málum til nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð fundar á mánudögum kl. 11:00.



Kaflí 8

Foreldrasamstarf

Það er hefð fyrir mjög öflugum foreldrastarfi við Salaskóla. Gott og uppbyggilegt foreldrastarfi getur skipt sköpum hvað skólagöngu barna varðar og það er alltaf mikilvægt að foreldrar séu vel upplýstir um starfið í skólanum og sýni vilja til samstarfs. Foreldrar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru hluti af foreldrahópi Salaskóla rétt eins og í samfélagi okkar allra. Við skólabyrjun, í foreldraviðtölum og á öðrum fundum er notast við túlkaþjónustu til að auðvelda samskipti við þá sem ekki hafa vald á íslensku. Á heimasíðu skólans eru hnappar sem hægt er að ýta á til að þýða efni síðunnar yfir á ensku og átta önnur algeng tungumál. Við inntöku nýrra nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn leggja skólastjórnendur og kennarar sig fram um að kynna foreldrum gagnlegar upplýsingar, svo sem starfsemi og þjónustu félagsmiðstöðva, íþróttar- og tómstundastarfs, upplýsingasíður o.fl. Á skólaárinu stendur til að halda fjölmenningsráðið í anda “ég er eins og ég er” með áherslu á að öll erum við eins og við erum og öll skiptum við máli.

Viðmið vegna foreldrasamskipta

Ef foreldri þarf að ná sambandi við kennara:

- Ef foreldri þarf fund með umsjónarkennara þá á að senda ósk þar um í tölvupósti á umsjónarkennarateymi þess árgangs sem um ræðir. Einnig er hægt að hringja á skrifstofu skólans og leggja fyrir skilaboð og kennarar hafa þá samband til baka.
- Ef foreldri þarf fund með öðrum kennara en umsjónarkennara er hægt að senda tölvupóst á viðkomandi kennara eða hringja á skrifstofu skólans og leggja fyrir skilaboð. Kennari hefur þá samband til baka.
- Ef foreldri þarf að ná símasambandi við kennara á að hringja á skrifstofu skólans og leggja inn beiðni um að viðkomandi kennari hringi til baka. Kennari hringir samdægurs eftir kennslu ef erindið er brýnt en annars í síðasta lagi daginn eftir. Mikilvægt er því að það komi fram hvort erindið þoli bið eða ekki.
- Foreldrar eiga almennt ekki að hringja í kennara eða starfsfólk skóla utan dagvinnutíma, nema mjög brýna nauðsyn beri til.



Tölvupóstur til kennara / samfélagsmiðlar

- Kennarar svara tölvupósti foreldra eftir kennslu og að jafnaði innan tveggja daga frá því hann berst. Það getur þó dregist, t.d. vegna veikinda, og þá best að snúa sér til skrifstofu skólans.
- Foreldrar geta ekki treyst því að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs og því er betra ef erindið er brýnt að hringja á skrifstofu skólans.
- Foreldrar eiga ekki undir neinum kringumstæðum að senda kennurum skilaboð á samfélagsmiðlum.

Athugið

- Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki á skrifstofu skólans eða í kennara með skilaboð sem ekki eru brýn, s.s. að mamma eða pabbi bíði út í bíl, að það megi fara heim með einhverjum eftir skóla o.s.frv. Sama gildir um tölvupóst með svipuðum skilaboðum. Ganga þarf frá öllu slíku við barnið áður en það fer í skólann. Ef upp koma ófyrirséð tilvik geta foreldrar hringt á skrifstofu skólans.
- Foreldrar eru beðnir um að reyna ekki fyrirvaralaust að ná tali af kennara þegar þeir eru í kennslu eða eftir að kennslu lýkur, t.d. þegar þeir eru að sækja börn sín. Ef þeir þurfa að ná tali af kennara er bent á þær leiðir sem nefndar eru hér að ofan. Kennarar eru með þéttskipaða dagskrá eftir að kennslu lýkur og eru þá að sinna undirbúningi undir kennslu, samstarfi við aðra kennara, fundum með foreldrum og sérfræðingum, kennarafundum, endurmenntun og ýmsum öðrum verkefnum.

Tölvupóstur í samskiptum heimila og skóla

Leiðbeiningar fyrir foreldra

Hvenær á að nota tölvupóst?

- Koma upplýsingum á framfæri.
- Leita upplýsinga.
- Hrósa kennara/skóla fyrir það sem vel er gert.
- Gera athugasemdir um það sem þér finnst miður fara.

Hvenær á ekki að nota tölvupóst?

- Ekki ræða viðkvæm, persónuleg mál í tölvupósti – hringja og panta viðtal.
- Þegar maður er reiður og illa upp lagður.
- Tölvupóstur er ekki öruggur – Aðrir geta lesið póstinn.



- Pósturinn getur “óvart” farið á annað/önnur netföng.
- Ekki er hægt að eyða bréfi sem hefur verið sent eða breyta því á nokkurn hátt.
- Ekki er 100% öruggt að tölvupósturinn skili sér, frekar en sniglapóstur.

Hafið tölvupósta ávallt hnitmiðaða og skýra.

- Ekki senda löng skeyti. Hafðu textann hnitmiðaðan og skýran, þannig að skilaboðin komist klárlega til skila. Fáir gefa sér tíma til að lesa langan texta í tölvunni. Skeytin eiga að vera svo stutt að ekki þurfi að prenta þau út.
- Viðtakandi getur “lesið á milli línanna” og túlkað póstinn á annan hátt en sendandi hafði ætlast til. Þess vegna þarf textinn að vera skýr og augljós. Varist hálfkveðnar vísur.

Trúnaðarmál á ekki að ræða í tölvupósti

- Tölvupóst á ekki að nota til að ræða viðkvæm mál.
- Aldrei senda trúnaðarmál í tölvupósti – þá er betra að hringja eða hittast augliti til auglitis.

Viðhengi og auglýsingar

- Tölvupóstur er einfalt, þægilegt og fljótlegt samskiptaform.
- Tölvupóstur er ákjósanlegur í almennum samskiptum við einstaka kennara eða skólann.
- Tölvupóstur er finnst til að koma skilaboðum til skólans.
- Sendið ekki auglýsingapóst eða ruslpóst á kennara.

Sýnið alltaf kurteisi

- Aldrei skrifa bréf í reiði, varist að skrifa á ókurteisan, dónalegan eða ruddalegan hátt.
- Ef þú ert í vafa um hvort þú eigir að senda bréfið, ekki senda það. Láttu einhvern eða einhverja lesa það yfir.
- Það sem þú lætur fara frá þér í tölvupósti lýtur sömu lögum og annað ritað mál. Varastu því að láta frá þér fara óhróður um fólk og stofnanir.



Kafli 9

Viðfangsefni innra mats

Árlega er gerð könnun á líðan og viðhorfum nemenda í 6. – 10. bekk og notast við Skólapúlsinn. Skólapúlsinn er einnig notaður til að leggja viðhorfskönnun fyrir foreldra annað hvert ár, jafnframt því sem hann kannar viðhorf starfsmanna skólans. Hefð er fyrir haustkynningum fyrir foreldra og stefnt er á að endurvekja “Morgunkaffi-fundi” þar sem skólastjórnendur hitta foreldra hvers árgangs. Auk þess eru óreglulega lagðar kannanir fyrir nemendur, foreldra eða starfsmenn varðandi ýmsa þætti skólastarfsins, nýjustu dæmin eru könnun um upphafstíma skóladags (vor 2023) og hentugum tíma fyrir fræðsluerindi fyrir foreldra (haust 2023). Niðurstöður kannana eru rýndar og tiltekin atriði sem vinna þarf með á hverju skólaári auk áætlunar til lengri tíma.

Í Salaskóla eru haldin nemendaþing þar sem litlir hópar nemenda á ólíkum aldri ræða ýmis mál er snerta nám og félagslíf. Einnig er verkefni í samfélagsgreinum í 10. bekk orðið fastur liður en þá búa 10. bekkingar til stjórnmalaflokka sem bjóða fram til kosninga og þar eru skólamálin viðfangsefni. Framboðsfundur er haldinn þar sem þeir kynna stefnu sína og umbótamál og allir nemendur í 8. – 10. bekk kjósa svo þann flokk sem þeim lýst best á. Þeir sem flest atkvæði fá funda svo með skólastjóra og kynna áherslu mál sín. Þetta hefur nýst afar vel í umbótastarfi í skólanum en nýjustu dæmin um áherslur nemenda á þinginu er hafragrautur sem er í boði fyrir unglunga í frímínútum (frá hausti 2023) og áhrif nemenda í öllum árgöngum á matseðil í skólamötuneyti (frá hausti 2024).

Umbætur í skólastarfinu sem unnið verður að í vetur byggja á þeim gögnum sem fást í gegnum þá vinnu sem nefnd er hér að ofan. Stórt verkefni snýr að breyttum kennsluháttum eða áherslum í námi og kennslu, m.a. fjölbreyttum kennsluháttum og skýrari upplýsingar til nemenda og foreldra um námsmat.

Áherslur í innra mati skólaárið 2024-2025

Helstu áherslur í innra mati á starfi Salaskóla á skólaárinu eru þessar:

- Líðan og árangur nemenda (m.a. Skólapúlsinn og nemendaþing).
- Fjölbreyttir kennsluhættir, samþætting námsgreina og skýr framsetning námsmats (“Oddaflug” á miðstigi, “Flug” á unglingastigi, styrkur úr Endurmenntunarsjóði v/ námsmats).
- Endurskoðun skólareglna í samstarfi við nemendur.



Kaflí 10

Upplýsingar um stoðþjónustu

Hjúkrunarfræðingur

Heilsuvernd skólabarna í Salaskóla er á vegum Heilsugæslunnar í Salahverfi.

Skólahjúkrunarfræðingur er Eva Brynjarsdóttir og viðverutími er eftirfarandi:

Mánudagur kl. 8:00-16:00

Þriðjudagur kl. 9:00-16:00

Miðvikudagur kl. 8:00-12:00

Fimmtudagur kl. 8:00-12:00

Föstudagur kl. 8:00-12:00

Netfang skólahjúkrunarfræðings er: salaskoli@salus.is og sími 441-3200.

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náninni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.

Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt leiðbeiningum [Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu](#) og Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna.

Heilbrigðisfræðsla

Skipulögð heilbrigðisfræðsla er veitt í öllum árgöngum og er áherslan á að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Eftir fræðslu fá foreldrar upplýsingar í tölvupósti um fræðsluna. Þá gefst þeim kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig hægt er að nýta það í daglegu lífi.

1.bekkur: **Líkaminn minn** – Forvörn gegn kynferðislegu ofbeldi og **Hjálmanotkun**

2.bekkur: **Tilfinningar**

3.bekkur: **Verkefnabók um 6H heilsunnar** (Hollusta, Hreyfing, Hamingja, Hugrekki, Hvíld og Hreinlæti)

4.bekkur: **Kvíði** og **Slysavarnir**

5.bekkur: **Samskipti**



6.bekkur: **Kynþroski og Endurlífgun**

7.bekkur: **Bólusetningar**

8.bekkur: **Líkamsímynd og Hugrekki**

9.bekkur: **Kynheilbrigði og Bólusetning**

10.bekkur: **Geðheilbrigði, Endurlífgun og Ábyrgð á eigin heilsu**

Markmið hverrar fræðslu eftir árgöngum er hægt að sjá á Heilsuvera.is

Skimanir

Skimað er fyrir ákveðnum þáttum tengdum heilbrigði og eru skimanir framkvæmdar í 1., 4., 7. og 9. bekk. Þær felast í mælingu á hæð, þyngd og sjónskerpu. Nemendur í öðrum árgöngum eru skimaðir eftir þörfum. Ef frávik reynist í skimun er ávallt haft samband við forráðamann.

Heilsueflandi viðtöl um lífsvenjur og líðan

Þegar skimanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk ræðir skólahjúkrunarfræðingur við nemendur um líðan og lífsvenjur. Markmið viðtalanna er að styrkja vitund nemenda um eigið heilbrigði og líðan. Einnig að geta gripið til úrræða ef vart verður við vanlíðan eða áhyggjur.

Bólusetningar

Bólusetningum er ætlað að verja einstaklinginn gegn alvarlegum smitsjúkdómum.

Í 7. bekk er bólusett við mislingum, hettusótt og rauðum hundum (ein sprauta), auk þess eru stúlkur bólusettar gegn HPV (Human papilloma veirum) sem geta valdið leghálskrabbameini. HPV bólusetning er gefin tvisvar með 6 mánaða millibili.

Í 9. bekk er bólusett við barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt (ein sprauta).

Áður en kemur að bólusetningu er sendur tölvupóstur til foreldra með upplýsingum um tímasetningu. Mikilvægt er að nemendur komi með bólusetningarskírteini sín í skólann þegar bólusetning fer fram.

Hafið samband við skólahjúkrunarfræðing ef:

- Nánari upplýsinga er óskað
- Talið er að barn sé ekki að fullu bólusett
- Óskað er eftir því að barn sé ekki bólusett

Það er á ábyrgð foreldra að láta bólusetja börn sín.



Veikindi og slys

Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæsluna eða slysadeild fara foreldrar með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í þá á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af heilsuvernd skólabarna.

Langveik börn

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingur viti af börnum sem eru með fötlun eða langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma eða aðra alvarlega sjúkdóma. Þessum börnum sinnir heilsuvernd skólabarna í samráði við foreldra.

Lyfjagjafir – Samkvæmt tilmælum landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma.

Höfuðlús

Höfuðlús birtist reglulega í skólum landsins og er mikilvægt að foreldrar kembi hár barna sinna reglulega yfir skólaárið. Rétt er að láta skólann vita ef lús finnst í hári barns og skólahjúkrunarfræðingur getur leiðbeint varðandi lúsasmit.

Hnetulaus Salaskóli

Í Salaskóla eru nokkur börn með alvarlegt hnetuofnæmi. Salaskóli er því hnetulaus skóli. Hnetur geta valdið mjög slæmum einkennum hjá þeim nemendum sem hafa ofnæmi og viljum við því biðja alla að passa sérstaklega upp á að koma ekki með hnetur í skólann. Athugið að hnetur geta m.a. verið í brauði, kökum, orkustykkjum og jógúrti. Lesið innihaldslýsingar. **Hnetur mega alls ekki koma inn fyrir vegg skólans.**

Sálfræðingur

Við Salaskóla starfar sálfræðingur sem vinnur greiningar- og ráðgjafarstörf. Skólasálfræðingur er Björg Norðfjörð. Sálfræðingur er að jafnaði í skólanum 3-4 daga í viku.

Talmeinafræðingur

Við Salaskóla er starfandi talmeinafræðingur og gegnir Ágústa Guðjónsdóttir því starfi. Hún sinnir greiningum og þjálfun og er að jafnaði með viðveru í skólanum 2-3 daga í viku.



Félagsráðgjafi

Við Salaskóla starfar félagsráðgjafi í 80% starfi sem sinnir ýmsum málefnum nemenda. Félagsráðgjafi skólans er Þóra Björg Garðarsdóttir, en hún er með viðtalstíma fyrir nemendur og foreldra eftir samkomulagi.

Náms- og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi starfar við Salaskóla í 100% starfi og sinnir ýmsum málefnum nemenda og forvarnarstarfi. Náms- og starfsráðgjafi er Tinna Líf Baldvinsdóttir og er hún með viðtalstíma fyrir nemendur og foreldra eftir samkomulagi.

Sérúrræði

Við Salaskóla eru nokkrir sérkennarar og þroskaþjálfar. Þeir sinna kennslu og þjálfun nemenda í sérdeild sem og nemenda með tilteknar sértækar þarfir í námi, leik og félagslegum samskiptum. Sérkennsla og sértæk þjálfun fer sem mest fram í árgöngum nemenda en einnig býr skólinn yfir nokkrum litlum námsverum sem nýst geta smærri hópum. Berglind Þyrí Finnbogadóttir er deildarstjóri stoðþjónustu.

Önnur úrræði

Salaskóli leitar eftir þeirri sérfræðiaðstoð sem þurfa þykir hverju sinni. Má þar nefna kennsluráðgjafa menntasviðs, atferlissráðgjafa og aðra þjónustu og fræðslu frá sérfræðingum Menntasviðs.



Kafli 11

Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Frístund og klúbbastarf

Að lokinni kennslu gefst nemendum í 1. – 4. bekk kostur á frístundastarfi til kl. 16:30. Þar fer fram formlegt og fjölbreytt hópastarf sem og tími fyrir börnin að leika við félagana, vera úti, lesa, hvíla sig og margt fleira. Á hverjum degi er fjölbreytt hópastarf þar sem lögð er áhersla á leiki, íþróttir, dans, leiklist, tölvunotkun og fleira. Frístundin er opin alla daga sem skólinn starfar, hún er opin á skipulagsdögum með tveimur undantekningum og í jólafrí og páskafrí. Foreldrar greiða fyrir frístundina skv. gjaldskrá Kópavogsbæjar. Forstöðukona frístundar er Krístrún Sveinbjörnsdóttir.

Tónlistarskólar

Tónlistarskólar í Kópavogi hafa fengið aðstöðu í skólanum til hljóðfærakennslu þegar rými finnst fyrir þá starfsemi og er svo í vetur.

Skák og jóga

Í Salaskóla er hefð fyrir að kenna nemendum bæði skák og jóga. Nemendur hafa sótt kennslutíma í þessum greinum ýmist innan sinnar stundatöflu eða sem valgrein á unglingastigi. Mikilvægi þessara námsgreina þarf ekki að tíunda, en þær m.a. styðja við rökhusun, hugleiðslu, slökun og vellíðan.

Félagsstarf nemenda

Félagsstarf nemenda fer rólega af stað og hjá yngri nemendum er það mest á ábyrgð og að frumkvæði foreldra, s.s. bekkjarskemmtanir og vinahópar. Eftir því sem nemendur eldast eykst þörf þeirra fyrir félagsstarf af ýmsu tagi. Við skólann starfar félagsmiðstöðin Fönix og er forstöðumaður hennar Tinna Heimisdóttir. Þar eru síðdegis- og kvöldopnanir fyrir nemendur auk þess sem boðið er upp á ýmis konar annað starf fyrir nemendur. Jólaball unglinga og árshátíð unglingadeildar er samstarfsverkefni skólans og félagsmiðstöðvarinnar.



Kafli 12

Símenntunaráætlun

Starfsfólk Salaskóla leggur sig fram við að halda faglegri þekkingu og sækja sér reglulega sí- og endurmenntun. Áherslan á yfirstandandi skólaári er á fjölbreytta kennsluhætti og reglulegt og leiðbeinandi námsmat. Áherslan er á þarfir, áhuga og getu sérhvers nemanda og að um leið og nemendur ná góðum árangri í námi líði þeim einnig vel í skólanum. Þróun kennsluhátta í takti við hraðar samfélagsbreytingar er verkefni sem lýkur aldrei. Í skóla án aðgreiningar þarf að byggja upp fjölbreytt nám og námsumhverfi sem hæfir ólíkum þörfum nemenda.

Í 1. - 4. bekk vinnum við eftir hugmyndafræði byrjendalæsis. Markmið byrjendalæsis er að börn ná góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunarafl, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Kennarar Salaskóla sækja reglulega endurmenntun í Byrjendalæsi til Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri sem hefur leitt þá aðferðafræði.



Kaflí 13

Rýmingaráætlun

Í Salaskóla er viðurkennt brunaviðvörunarkerfi. Flóttaleiðir eru tvær eða fleiri. Í hverri stofu skólans við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemenda og lýsing á fyrstu viðbrögðum.

Ef brunaviðvörunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.


1. Fulltrúi í öryggisnefnd fer að stjórnstöflu brunaviðvörunarkerfis, slekkur á kerfinu og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur.
2. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum reglum sem er að finna í hverri kennslustofu. Þeir taki með nafnalista og skóhlífar. **Ef brunakerfið fer strax aftur í gang er um eld að ræða og skal skólinn þá strax rýmdur.**
3. Skólastjóri eða fulltrúi í öryggisnefnd hafa samband við slökkvilið í síma 112, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista. Starfsfólk rýmir skólann, fer á **söfnunarsvæðið (sparkvöllur, sjá mynd á bls 50)** og myndar röð fyrir framan nemendur.
4. Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út. Umsjónarmanni söfnunarsvæðis skal tilkynnt hver staðan er.
5. Skólastjóri eða staðgengill hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sáust síðast.
6. Slökkvilið kemur á staðinn, skólastjóri eða staðgengill gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
7. Ef veður er vont er farið með nemendur og starfsfólk af söfnunarsvæðinu inn í íþróttahúsið Versali.


Sá aðili sem síðastur er út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.



RÝMINGARÁÆTLUN

Fyrstu viðbrögð við eldsvoða eða hættuástandi





Íþróttahús-Söfnunarsvæði 2

Körfuboltavöllur- Söfnunarsvæði 1

Starfsmenn	10.bekkur	9.bekkur	8.bekkur	7.bekkur	6.bekkur	5.bekkur	4.bekkur	3.bekkur	2.bekkur	1.bekkur
------------	-----------	----------	----------	----------	----------	----------	----------	----------	----------	----------

Uppröðun bekkja á söfnunarsvæðum

Verði **jarðskjálfti** á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun sem sótt er á [vef Almanna- og Ríkissins](#). Kennurum er ætlað að fara yfir viðbrögð við jarðskjálfta með nemendum sínum á hverju hausti.

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Vegna mögulegrar röskunar á skólaskólastarfi vegna óveðurs þá hefur stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins verið falið af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðslufirvöld.



Kafli 14

Skólaakstur

Ekki er um að ræða skólaakstur í Salaskóla nema í þeim tilfellum þar sem farið er í vettvangsferðir eða skólaferðalög. Nemendur í 1. - 4. bekk Salaskóla geta þó nýtt Tómskundavagninn sem ekur um Kópavog eftir að skóla lýkur á daginn og kemur börnum í íþrótt- og tómskundastarf. Foreldrar skrá börn sín í Tómskundavagninn sem er í umsjá íþróttafélaganna.

Skólamáltíðir

Salaskóli rekur mótuneyti þar sem boðið er upp á málsverð í hádegi. Öllum nemendum stendur til boða gjaldfrjálsar máltíðir og fer skráning fram í gegnum Þjónustugátt á heimasíðu Kópavogsbæjar. Starfsfólk mótuneytisins eldar matinn að morgni hvers dags og er hægt að sjá [matseðil](#) á heimasíðu skólans. Foreldrar nemenda í 1.-7. bekk gefst kostur á að kaupa ávaxtaáskrift í morgunhressingu en nemendum í 8.-10. bekk er boðið upp á hafragraut í morgunfrímínútum.



Kafli 15

Skólaþróun

Skólaárið 2024-2025 vinna kennarar að þróun í átt til fjölbreyttari kennsluhátta og samþættingu námsgreina og skýrari útfærslu á námsmati. Styrkur fékkst til námsmatshluta verkefnisins úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Í samþættu námi gefst nemendum í auknum mæli kostur á að vinna út frá áhugasviði og styrkleikum og gefst oft kostur á fjölbreyttari skilum á verkefnum. Skil á milli námsgreina verða ekki alltaf augljós og flæði í vinnu getur orðið betra enda nemendur að vinna út frá hæfniviðmiðum úr nokkrum námsgreinum. Nemendur hafa nefnt að þeir nái jafnvel betur að yfirfæra þekkingu sína og sjái skýrari tilgang með verkefnum með þessu vinnulagi.

Salaskóli er þátttakandi í þróunarverkefni grunnskóla Kópavogsbæjar sem og Langholtsskóla sem ber heitið “Að efla stafræna ábyrgð nemenda”. Verkefnið felur í sér að þróa viðmiðunarnámskrá í stafrænni borgaravitund og kennslu í ábyrgri netnotkun. Verkefni er styrkt af Sprotasjóði og er til tveggja ára.

